



Reglur um þjónustu frístundaklúbba í Sveitarfélaginu Árborg

Í Sveitarfélaginu Árborg eru starfandi þrír frístundaklúbbar sem allir hafa sína sérstöðu. Frístundaklúbbar Samkvæmt 16. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skulu sveitarfélög bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla sbr. 33. gr. grunnskólalaga nr. 91/2018.

Markmið með reglum um innritun í frístundaklúbba Árborgar er að gæta jafnræðis og vandvirkni við móttöku og meðferð umsókna.

Frístundaklúbbarnir leggja megináherslu á að skapa öruggt umhverfi þar sem börn og ungmenni geta hist og tekið þátt í skipulögðu frístundastarfi með það markmið að efla félagsþroska og félagsfærni. Í frístundaklúbbunum gefst tækifæri til að njóta félagslegra samskipta gegnum leik og skapandi starf. Markmið frístundaklúbbana er að virkja notendur í starfinu, valdefla og styrkja félagslega. Einnig er stuðlað að vinasamböndum og virkni í frístundum á eigin frítíma. Frístundaklúbbarnir eru ætlaðir þeim sem ekki hafa aðgengi í önnur frístundaúrræði sem hæfa hag eða þörfum þeirra.

Kópurinn

Kópurinn frístundaklúbbur er ætlaður nemendum á sérnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurlands. Kópurinn hóf starfsemi sína þann 14. október 2019 í Selinu en hefur nú aðsetur í húsnæði Zelsíuz við Austurveg 2A.

Kotið

Kotið er ætlað fyrir grunnskólanemendur í 5-10. bekk sem eru með fatlanir. Aðsetur frístundaklúbbsins er að Valhöll, Tryggvagötu 23a Selfossi.

Kletturinn

Kletturinn er ætlaður fyrir grunnskólanemendur í 5-10. bekk sem þurfa á fjölþættum stuðningi að halda. Kletturinn hóf starfsemi sína 4. október 2021 og hefur aðsetur í Pakkhúsinu við Austurveg 2A.



1. gr.

Markmið

Markmiðið er að fötluð börn og ungmenni á grunn- og framhaldsskólaaldri eigi kost á frístundaþjónustu yfir daginn meðan skóli er starfandi, í skólafríum og á próftímum þegar hefðbundnir skóladagar eru stuttir.

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal, þegar því verður við komið, vera samþætt almennri frístundaþjónustu. Tryggja skal samfellda þjónustu yfir daginn og vinna gegn félagslegri einangrun.

Lögð er áhersla á innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í öruggu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af leik, vali og virkri þátttöku með það að markmiði að efla félagsfærni, félagsþroska og sjálfstæði.

2. gr.

Réttur til þjónustu

Sveitarfélagið er skylt skv. 16. gr. laga nr. 38/2018 að bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum þegar skólar starfa ekki, að undanskildum lögbundnum frídögum. Þjónustan tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla.

Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð, veitt samhliða almennum frístundatilboðum eins og unnt er, og taka mið af metnum stuðningsþörfum barnsins eða ungmennis. Hún skal jafnframt vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun skv. 12. gr. laga nr. 38/2018.

3. gr.

Skipulag starfsins

Við skipulag starfsins skal huga að aðgengi, öryggi, fjölbreyttum tækifærum til að þróa áhugamál, félagslegum tengslum, sveigjanleika, aðlögun og



fagmennsku starfsfólks.

Frístundaklúbbar **í** **Árborg**
Í Sveitarfélaginu Árborg eru starfræktir þrír frístundaklúbbar með mismunandi áherslur:

- **Kópurinn:** ætlaður börnum og ungmennum sem stunda nám á sérnámsbraut Fjölbautaskóla Suðurlands. Kópurinn hóf starfsemi sína 14. október 2019 og er nú til húsa í Zelsíuz, Austurvegur 2A.
- **Kotið:** ætlað grunnskólanemendum í 5.–10. bekk sem eru með staðfesta fötlunargreiningu.
- **Kletturinn:** ætlaður grunnskólanemendum í 5.–10. bekk sem þurfa á fjölþættum stuðningi að halda. Kletturinn hóf starfsemi sína 4. október 2021 og er til húsa í Pakkhúsinu, Austurvegur 2A.

4. gr.

Þjónustuteymi

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 38/2018 skulu þjónustuaðilar fatlaðs einstaklings sem hefur þörf fyrir viðvarandi fjölþættan stuðning mynda þverfaglegt þjónustuteymi undir forystu félagsþjónustunnar. Þjónustuteymið hefur það hlutverk að útfæra þjónustu við viðkomandi, samræma þjónustu og tryggja samfellu og gæði hennar, m.a. í samstarfi við frístundaklúbbana.

5. gr.

Mat **á** **þjónustupörf**

Frístundaþjónusta skal byggjast á metnum stuðningsþörfum barns eða ungmennis og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun. Mat á stuðningsþörf skal unnið í samvinnu við barn/ungmenni og forsjáraðila.

Við mat skal tekið mið af:

1. greiningu á fötlun frá viðurkenndum greiningaraðilum,
2. mati á stuðningsþörf (SIS) frá Ráðgjafar- og greiningarstöð, flokkur V eða hærri,
3. félagslegri stöðu, þátttöku og líðan,
4. óskum forsjáraðila og barns með hliðsjón af aldri og þroska,
5. heildrænni þjónustupörf í samræmi við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins.



Greining og mat skv. lið 1. og 2. eru skilyrði fyrir inngöngu í Kotið og Kópinn.

6. gr.

Þjónustutími

Frístundaþjónusta er veitt eftir að skóladegi lýkur, eftir atvikum áður en hann hefst, og á skóladögum þegar kennsla er ekki, að undanskildum lögbundnum frídögum.

Í einstaklingsbundinni þjónustuáætlun skal gera ráð fyrir skertum skóladegi, sumarleyfum fjölskyldu og orlofstíma þannig að samfella í þjónustu sé tryggð, sérstaklega þegar mikil umönnunarpörf er fyrir hendi.

7. gr.

Umsóknarferli

og

gagnaöflun

Forsjáraðilar geta sótt um í frístundaklúbbana að uppfylltum skilyrðum. Umsókn skal berast rafrænt gegnum vefumsjónarkerfið Völu. Aðstoð við umsókn má fá í frístundaklúbbunum eða í þjónustuveri Sveitarfélagsins Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, sími: 480-1900.

Með umsókn skal leggja fram nauðsynleg gögn, m.a. greiningar, SIS-mat og önnur gögn sem sýna fram á þjónustupörf. Gagnaöflun fer fram í samvinnu við umsækjanda.

8. gr.

Svör

við

umsókn

Umsækjandi skal fá skriflegt svar við umsókn þar sem fram kemur mat á stuðningsþörf.

Sé umsókn samþykkt en þjónusta ekki veitt strax skal tilkynna forsjáraðilum um ástæður og hvenær þjónustan geti hafist. Ef fyrirséð er að þjónusta hefjist ekki innan þriggja mánaða frá samþykkt skal leiðbeina um önnur úrræði á biðtíma.



9. gr.

Samstarf og samhæfing

Áhersla skal lögð á samstarf milli félags-, heilbrigðis-, mennta- og frístundamála til að tryggja samfelli í þjónustu. Þar sem við á skal setja á fót þverfaglegt þjónustuteymi.

10. gr.

Gjaldtaka

Gjald fyrir þjónustuna er samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir frístundaheimili og frístundaklúbba hverju sinni. Ekki er heimilt að innheimta gjald vegna þjónustu sem veitt er eingöngu vegna fötlunar.

11. gr.

Upplýsingamiðlun og þagnarskylda

Upplýsingamiðlun milli aðila (sveitarfélags, skóla, frístundaklúbba, stuðningsaðila og forsjáraðila) skal vera skilvirk og í þágu markmiða þjónustunnar.

Starfsfólk og stuðningsaðilar undirgangast þagnarskyldu um atriði er varða notendur og fjölskylduhagi þeirra. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi eða þjónustu.

12. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar á grundvelli 16. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sbr. leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins. Reglurnar taka gildi við samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar.